



ÍÞRÓTTABANDALAG HAFNARFJARÐAR

Hafnarfirði 11. október 2019.

Íþróttá- og tómstundafulltrúi Hafnarfjarðarbæjar Geir Bjarnason

Efni: Beiðni um hækkun á stuðningi í nýjum styrktarsamningi fyrir yngri en 18 ára

Komið er að þeim tímapunkti að endurnýja styrktarsamning fyrir yngri en 18 ára iðkendur aðildarfélaga ÍBH. Gildandi samningur rennur út í árslok 2019. Samningurinn er á milli ÍBH, Hafnarfjarðarbæjar og fyrirtækisins Rio Tinto. Samningurinn hvetur til eflingar ýmissa mikilvægra þátta í íþróttastarfinu, s.s. aukinnar þjálfaramenntunar, gerð námskráa, reglubundinnar ástundunnar, jafnréttis auk fleiri þátta. Í gildandi samningi greiðir hvor aðili um sig kr. 10.000.000 á ári og er fjármunum úthlutað tvisvar sinnum á ári til aðildarfélaga ÍBH. Í síðasta samningi sem tók gildi í ársbyrjun 2017 var aldurinn hækkaður úr 16 ára og yngri í yngri en 18 ára sem þýddi að samningurinn náði til fleiri iðkenda. Lítil hækkun var milli árana 2014 – 2017 sem þýðir í dag að samningsupphæðin er orðin töluvert rír. Auk hækkun aldurs, þá hafa nýjar íþróttagreinar og ný aðildarfélög bæst við á síðasta ári og í ár sem ber merki um áhuga aðila að reka íþróttastarf í bæjarfélaginu. Stjórn ÍBH óskar eftir hækkun á framlagi samningsins á komandi ári í a.m.k. kr. 15.000.000 á hvorn aðila.

F.h. stjórnar ÍBH,

Elísabet Ólafsdóttir framkvæmdastjóri ÍBH